

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi á svæði sunnan flugeldhúss Flugleiða við götu A samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis samþykkti þann 5. nóvember 2004 óverulega breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli sem upphaflega var staðfest af utanríkisráðherra 25. mars 1997.

Breytingin er í því fölginn að gert er ráð fyrir nýju hliðhúsi við götu A við innri girðingu. Um er að ræða einnar hæðar hús samtals 60 m² að stærð. Byggingin verður aðsetur flugvallarvarða sem gæta flugöryggis á flugþjónustusvæði, annast hliðvörslu og fylgjast með umferð manna og ökutækja um þá hluta flugþjónustusvæðis, sem hafa beinan aðgang að flughlöðum og flugbrautum (airside areas).

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 7. október 2004 til 19. október 2004, auk þess sem deiliskipulagsuppdráttur er sýnir fyrirhugaða breytingu var til sýnis á skrifstofu flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, á venjulegum skrifstofutíma, framangreint tímabil. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma auk þess sem eftirtaldir samþykktu skipulagsbreytinguna með áritun sinni á skipulagsuppdráttinn. Þeir eru: Gunnar Olsen vegna flugeldhúss Flugleiða hf., Þórarinn Kjartansson vegna Flugflutninga ehf. og Halldór Kristjánsson vegna Eldsneytisafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða 22. október 2004 og afgreidd til Varnarmálaskrifstofu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli mun taka að sér að bæta það tjón sem eintakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 19. nóvember 2004.

F.h. flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli,

Ómar Ingvarsson, yfirmaður flugvallarsviðs.